



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Föstudagurinn, 18. maí, 2007

Ákvörðun nr. 22/2007

Kaup Símans hf. á Sensa ehf.

I.

Með bréfi frá Logos, dags. 23. apríl 2007, var Samkeppniseftirlitinu tilkynnt um kaup Símans hf. (Síminn) á öllu hlutafé í Sensa ehf. (Sensa). Bréfinu fylgdi samrunatilkynning, þar sem framsetning miðast við viðauka í reglum nr. 881/2005 um tilkynningu samruna. Bréfinu fylgdi einnig kaupsamningur dags. 14. apríl 2007, auk ársreikninga Símans fyrir árin 2005 og 2006 og ársreiknings Sensa fyrir 2006. Að mati Samkeppniseftirlitsins felur umræddur kaupsamningur í sér samruna í skilningi 4. og 17. gr. samkeppnislaga og fellur samruninn undir samrunaeftirlit 17. gr. laganna, þar sem veltuskilyrði eru uppfyllt.

II.

Í samrunatilkynningunni kemur fram að samrunaaðilar starfi einkum á fjarskipta- og upplýsingatæknimarkaði. Um aðalstarfsemi Símans segir að hún sé „að veita hvers konar þjónustu á sviði fjarskipta og upplýsingatækni, svo og hvers konar þjónustu á sviði verslunar, iðnaðar, dreifingar, sölu, fjármála og viðskipta, að reka verslun með varning og búnað, sem tengist starfsemi félagsins, að hafa á hendi flutningastarfsemi og fasteignarekstur og lánastarfsemi.“ Um markmið og tilgang Sensa segir félagið hann vera „ráðgjöf, innflutningur, sala og þjónusta vél- og hugbúnaðar í upplýsingatækni, ásamt öllum skildum rekstri. Ennfremur kaup og sala húsnæðis, rekstur húsnæðis, kaup og sala verðbréfa og lánastarfsemi.“ Ennfremur segir í tilkynningunni að starfsemi Sensa sé einkum á sviði samþættingar og reksturs samskiptalausna s.s. víð- og staðarneta, öryggi netkerfa, IP símalausna og símpjónustusetra.

III.

Við mat á þeim mörkuðum sem áhrifa gætir vegna þessa samruna hefur rannsókn málsins leitt í ljós að lítilla áhrifa gætir á fjarskiptamarkaði þar sem IP símalausnir og rekstur símpjónustusetra telst frekar til undirmarkaðar upplýsingatæknimarkaðar en til fjarskiptamarkaðar. Þó gætir einhverra áhrifa á upplýsingatæknimarkaði þar sem dótturfélög Símans, Anza hf. (Anza) og Stefja ehf. (Stefja), eru starfandi á þeim markaði og markaðirnir eru tengdir. Starfsemi þessara dótturfélaga Símans virðast þó að litlu leyti á sama sviði og starfsemi



Sensa. Það er því ljóst að að þrátt fyrir að staða Símans á upplýsingatæknimarkaði styrkist að einhverju leyti við samrunann. Þá mun samruninn ekki hafa afgerandi áhrif á samkeppni á þessum markaði. Í þessum sambandi má benda á að fyrir á markaði eru öflugir keppinautar sem munu veita Símanum samkeppnislegt aðhald.

IV.

Við mat á samkeppnislegum áhrifum samruna ber að líta til þess hvort samruninn hindri virka samkeppni með því að markaðsráðandi staða verði til eða slík staða styrkist, sbr. 17. gr. samkeppnislaga. Í 4. gr. samkeppnislaga kemur fram að markaðsráðandi staða sé fyrir hendi þegar fyrirtæki hefur þann efnahagslega styrk að geta hindrað samkeppni á þeim markaði sem máli skiptir og það geti að verulegu leyti starfað án þess að taka tillit til keppinauta, viðskiptavina og neytenda.

Athuganir Samkeppniseftirlitsins gefa ekki til kynna að framangreindur samruni muni hafa skaðleg samkeppnisleg áhrif. Sameiginleg markaðshlutdeild umræddra fyrirtækja á þeim markaði sem um ræðir bendir sem slík ekki til markaðsráðandi stöðu. Þá ber að hafa í huga að litlar aðgangshindranir eru að viðkomandi markaði. Því til stuðnings má t.a.m. benda á innkomu margra nýrra aðila á markaðinn sem í síauknum mæli hafa náð fótfestu á þessum markaði á síðustu árum. Sensa er til að mynda aðeins fimm ára gamalt fyrirtæki. Með vísan til alls þessa er það mat Samkeppniseftirlitsins að fyrir hendi sé töluvert samkeppnislegt aðhald á markaðnum.

Að öllu framansögðu virtu og með hliðsjón af gögnum málsins og samtölum við keppinauta er það mat Samkeppniseftirlitsins að ekki sé ástæða til að aðhafast frekar vegna samruna Símans og Sensa á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga.

Ákvörðunarorð:

„Með samningi dags. 14. apríl 2007, keypti Síminn allt hlutfé í Sensa. Samkeppniseftirlitið telur að ekki sé ástæða til að aðhafast frekar vegna umrædds samruna á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson